



Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Almennur stjórnarfundur

FUNDARGERÐ

<b>Dags.</b>	22. apríl 2019
<b>Fundartími:</b>	Kl. 17:00
<b>Fundarstaður:</b>	Símafundur
<b>Fundarstjóri:</b>	Sigurður Ari Tryggvason
<b>Fundarritari:</b>	Sigurður Ari Tryggvason
<b>Fjöldi mætttra:</b>	5: Birna Hrafnisdóttir, Helga Karlsdóttir, Anna María Moestrup, Josteinn Snorrason, Sigurður Ari Tryggvason.

### Stöðufundur fyrir aðalfund.

Staðan tekin á málum og farið yfir það sem þyrfti að gera og klára fyrir fund. Anna hefur verið að vinna í því að fá reikningana skoðaða af skoðunarmönnum félagsins og lítið verið um svör frá þeim, leitað var því til Spánar þar sem vara skoðunarmaður Kristín Hólm fór í verkið.

Anna prentar út nokkur eintök af reikningum til að hafa á fundinum.

Sigurður prentar nokkur eintök af reglu breytingunum til að hafa á fundinum og einnig prentar kosningarseðla. Hann ætlar líka að kanna með aðgengi eða fá lykla á húsinu á föstudeginum.

Það stefnir í að hvorugur ritarinn verði á fundinum og því þarf að finna einhvern til að sjá um það.

Hugmynd er að hafa fundinn tvískiptan með umræðum um reglu breytingarnar og fræðslu um heilbrigðismál í fyrri hlutanum og fundinn svo kl.13:00, ákvörðun þegar vitað er betur um aðgengi að húsinu.

Dagskrá fyrir FIFe GA2019 er ekki komin enn og verður því lítið rædd á aðalfundinum.

Heyra í Rósu með að fá skýrslu frá rit og auglýsingarnefnd, spurning með aðrar nefndir.

Fundi slitið 17:20